

Alþingi
Atvinnuveganefnd
nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 9. nóvember 2020

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um nýtingu þörunga, 49. mál, 151. löggjafarþing.

Lýst er í greinargerð þingsályktunarinnar þeirri starfsemi sem hafin er á Íslandi. Horft er til nýtingu villts sjávargróðurs og hefur Þörungaverksmiðjan á Reykhólum verið brautryðjandi og er nú lykilfyrirtæki á Íslandi í þessum efnunum. Fleiri aðilar hafa hafið eða eru með áform er varðar nýtingu villts sjávargróðurs. Í greinargerð þingsályktunarinnar er einnig lýst nýjum fyrirtækjum og auknum áhuga fyrir ræktun sjávargróðurs. Getur Vestfjarðastofa fyrir sitt leyti staðfest hið sama, en aðilar hafa leitað til Vestfjarðastofu um ráðgjöf um stofnun fyrirtækja og þátttöku í rannsóknarverkefnum á þessu sviði.

Í þeim verkefnum sem Vestfjarðastofa hefur komið að varðandi villtan eða ræktaðan sjávargróður þá bendir flest til, að laga og reglugerðumhverfi á Íslandi hafi ekki fylgt eftir þróun mála og rík þörf sé á aðgerðum í þeim efnunum. Einnig vanti stefnumörkun í grunnrannsóknunum og hagnýtum rannsóknum á þessu sviði.

Vestfjarðastofa / Fjórðungssamband Vestfirðinga telur því mikilvægt að efni þingsályktunar um að skipaður verði starfshópur um aðgerðaráætlun um nýtingu þörunga, verði samþykkt á Alþingi. En sá starfshópur hafi víðtækara umboð en þingsályktunin gerir ráð fyrir.

Hagsmunir samfélaga, ályktun 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga.

Vestfjarðastofa/Fjórðungssamband Vestfirðinga leggja til að útvíkkað verði verkefni starfshópsins og tekin verði inn umfjöllun um sjálfbæra nýtingu þörunga út frá markmiðum um eflingu byggðar. Sjálfbærni í nýtingu náttúruauðlinda beri ávallt að meta út frá sjálfbærni samfélaga, atvinnulífs og umhverfis. Vísar Vestfjarðastofa til ályktunar 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga þar sem segir;

65. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing, haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra til að fresta framlagningu frumvarps, um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu o.fl). Einnig verði frestað framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni). Stofnað verði til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði að móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi. Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

Ályktun Fjórðungspings vísar til frumvarpsdraga sem lögð voru fram í Samráðsgátt stjórnvalda í ágúst s.l., S-172/2020 - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni) og S -173/2020 - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða o.fl. (veiðistjórn grásleppu o.fl).

Í umsögnum um frumvarpsdrögin að hálfu Fjórðungssambands Vestfirðinga var bent á, að undirstaða byggðar á Reykhólum í Reykhólahreppi byggði á sjálfbærri nýtingu þörungum og nýting grásleppu væri á sama hátt undirstaða byggðar víða um land. Markmið laga um stjórn fiskveiða, laga um nýtingu nytjastofna og markmið þingsályktunar um Byggðaáætlun, leggðu áherslu á eflingu byggðar um land allt. Því verði við breytingu á lögum er varða nýtingu sértækra auðlinda, að horfa til hve sterkt samspil nýtingar þeirra er við afkomu lykilyfirtækja og afkomu samfélaga.

Fleiri aðilar sendu inn umsögn í Samráðsgátt varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs) og virðist það hafa haft þau áhrif að frumvarp slíks efnis, er ekki á þingmálaskrá sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra. Gefst þannig meiri tími til að ræða efni þessa máls og efni þingsályktunarinnar um aðgerðaráætlun um nýtingu þörungum er því mikilvæg til að hreyfa því áfram.

En til að fylgja eftir ályktun Fjórðungspings Vestfirðinga þá leggur Vestfjarðastofa til breytingu á efni þingsályktunarinnar. Að stofnað verði til breiðs samráðshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði að móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi.

Til vara leggur Vestfjarðastofa til, að verði aukið við tillöguna með því að kalla eftir aðkomu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, en á málavíði hans eru málefni sveitarfélaga og byggðaáætlunar, og tekið inn til umfjöllunar samspil nýtingu villtra eða ræktaðra þörungum við sjálfbærni samfélaga.

Skipulagsmál og nýting sjávargróðurs.

Á grundvelli bráðabrigðaákvæðis í lögum um skipulag haf og strandsvæða 88/2018, var hafin vinna undir lok árs 2019 að gerð strandskipulags við Vestfirði og Austfirði. Samkvæmt upplýsingum Vestfjarðastofu er stefnt að því að tillaga að skipulagi þessara strandsvæða verði afgreidd undir lok árs 2021. Tillagan mun m.a. taka á afmörkun ræktunarsvæða sjávargróðurs á þessum svæðum og marka þannig ramma fyrir önnur strandsvæði sem verða sett í skipulag á sambærilegan hátt á næstu árum.

Sömuleiðis er í bráðabrigðaákvæði laganna gert ráð fyrir endurskoðun laganna, annað hvort, þegar gerð strandsvæðaskipulags við Vestfirði og Austfirði er lokið eða þegar þrjú ár eru liðin frá setningu laganna. Lögin tóku gildi í lok júní 2018 og ætti því að koma til endurskoðunar á miðju ári 2021. En samkvæmt upplýsingum Vestfjarðastofu, þá er að vænta tillögu að strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði og Austfirði um mitt næsta ár og staðfest skipulag liggi fyrir undir lok árs 2021.

Vestfjarðastofa telur að lykilkáttur í aðkomu stjórnvalda (ríkis og sveitarfélaga) að uppbyggingu í ræktun sjávargróðurs sé í gegnum skipulag strandsvæða. Verði af samþykkt þingsályktunar þá verður gæta að því að samstillta, endurskoðun laga um strandsvæðaskipulag við úttekt aðgerðahóps á laga og reglugerðarumhverfi og eða vinnu stærri starfshóps samkvæmt tillögu Vestfjarðastofu.

Önnur atriði.

- Að mati Vestfjarðastofu þá er að vænta aukinnar ásóknar á íslensk strandssvæði um ræktun sjávargróðurs, jafnt frá innlendum sem og erlendum aðilum. Mikilvægt er að vanda til þessa mála og gæta jafnt að hagsmunum lífríkis, nærsamfélaga og fyrirtækja þannig að tryggt sé að afrakstur þessara auðlindar myndi sem mestan ávinning fyrir íslenskt þjóðarþú.
- Aukin ásókn kalli einnig á að auka verður við grunnrannsóknir á lífríki og samfélagsþáttum eins að auka hagnýtar rannsóknir fyrir atvinnulíf og samfélög. Efla verði stjórnsýslu og stofnanir sem vinna að þessum málaflokki t.d. Hafrannsóknarstofnun, Matvælastofnun, MATÍS, Náttúrufræðistofnun, háskólar, atvinnuþróunarfélög og stofnanir sem vinna að nýsköpun.
- Í markmiði þingsályktunarinnar er gert að tillögu að sett verði fram aðgerðaáætlun sem ætlað er að styrkja lagaumgjörð og reglur er varða nýtingu villts og ræktaðs sjávargróðurs. Vestfjarðastofa telur að auka eigi við efni greingargerðar þingsályktunarinnar þar sem sett sé fram yfirlit um hvaða lög og reglur aðgerðarhópurinn eigi að hafa til hliðsjónar við vinnu sína.

F.h. Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.